

Alþingi  
Erindi nr. P 137/408  
komudagur 25.6.2009



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja (49. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að fjármálaráðherra verði falið að framkvæma nauðsynlegar afskriftir af lánum tiltekinnna aðila.*

Fagna ber allri viðleitni til að styðja við heimilin og fyrirtækin í landinu í núverandi árferði. Efnahagsreikningar íslenskra heimila hafa orðið fyrir miklu hnjaski og því er eiginfjárstaðan í mörgum tilfellum neikvæð, oft sem miklu nemur. Í þessum tilfellum getur fjármagnskostnaðurinn orðið fólki og fyrirtækjum um megn, jafnvel þótt sterkt tekjuflæði sé til staðar. Að sama skapi getur dregið verulega úr greiðsluvilja sjái viðkomandi heimili ekki fyrir sér að komast nokkru sinni úr því skuldafeni sem þau standa í. Hjá ýmsum öðrum heimilum hefur framfærslan horfið í kjölfar atvinnumissis og því reynist þeim erfitt að greiða af lánum jafnvel þó eiginfjárstaðan sé jákvæð. Hjá þessum hópi ætti í flestum tilfellum frestunarræði líkt og frýsting eða lækkun afborga að duga til. Að lokum eru ýmis heimili sem tilheyra báðum hópunum.

Í þessu ljósi er vissulega vert að skoða möguleikann á að beita alhliða niðurskrift skulda heimila og fyrirtækja fremur en að meta hvert tilfelli fyrir sig. Í því fælist mikill vinnusparnaður og einföldun við ákvarðanatöku, bæði hjá fyrirtækjum og innan nýja bankakerfisins. Slík aðgerð myndi einnig auka svigrúm þeirra fyrirtækja sem eru minna skuldsett til að yfirtaka önnur verr stödd fyrirtæki skapa þannig rekstrarhagræði sem nú er nauðsynlegt. Þessi nálgun myndi auka líkur á að jafnræðis verði gætt og draga úr líkum á því að óeðlileg pólitísk sjónarmið ráði ákvörðunartöku.

Þegar allt kemur til alls er jafnframt þjóðhagslega óhagkvæmt ef stór hópur samfélagsins fellur utan þess vegna gjaldþrots eða of stífra ákvæða í greiðsluaðlögunarferli. Á sama tíma er mikilvægt að viðhalda greiðsluvilja og koma í veg fyrir að freistnivandi myndist hjá skuldunautum. Í þriðja lagi er mikilvægt að koma upp algildum og gagnsæjum verkferlum í skuldaúrvinnslu heimila og fyrirtækja sem frekast er unnt. Að lokum ber að varast að óhóflegur kostnaður vegna aðgerða til handa skuldunauta falli á almenna skattborgara.

Í ljósi allra álitamála þessu tengdu verður hins vegar að skoða þennan möguleika mun betur en lagt er upp með í tillögu þessari. Að mati ráðsins ætti að mynda um þessa tillögu sérfræðihóp sem upplýsa myndi samfélagið með markvissum, heiðarlegum og hlutlægum hætti um afleiðingar þeirra tillagna sem líta dagsins ljós. Þá skiptir einnig miklu að allar hugmyndir um skuldaniðurfærslu yrðu útfærðar í samráði við erlenda kröfuhafa, enda ljóst að þeirra hagsmunir í þessu máli eru miklir. Viðskiptaráð leggur áherslu á að hvaða leið sem farin verður í þessum efnum verði þjóðhagslegir hagsmunir hafði í fyrirrúmi.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki óbreytt fram að ganga.**

Virðingarfyllt,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs